

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Litlaland, L172908 og Litlaland, lóð, L204654, auknar byggingarheimildir.*

Um er að ræða óverulegar breytingar á deiliskipulagi Litlalands og Litlalands, lóð. Í breytingunni felst að heildarbyggingarmagn innan reits B3 verður 1.700 fm í stað 1.500 fm áður. Byggingarreitir stækka til samræmis við aukið byggingarmagn.

Samþykkt í hreppsnefnd 18. september 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 19. september 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 20. september 2024